



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Kópavogur 9.maí 2019

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

PBG/málsnr 1905001

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, 750.mál.

Vísað er til bréfs frá nefndasviði Alþingis frá 29.mars 2019 og varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024, 750. mál.

Í fyrsta lagi er fyrirhuguðum skerðingum framlaga til jöfnunarsjóðs sveitarfélag mótmælt, en skv. úttekt Sambands Íslenskra Sveitarfélaga nemur tekjutap sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu tugum millj. kr á árunum 2020 og 2021. Þá hefur skerðingin mikil áhrif á sveitarfélögin um land allt eða samtals um 3,3 milljarða kr. Stjórn SSH leggur áherslu á að farið sé að lögum um tekjustofna sveitarfélaga af hálfu ríkisins og varðar í þessu máli framlög ríkisins af innheimtum sköttum ríkissjóðs. Stjórn SSH leggur áherslu á efni samþykktar Landsþings Sambands íslenskra Sveitarfélaga frá 29.mars sl. sem fram kemur m.a. í umsögn Sambandsins um fjármálaáætlunina.

Í öðru lagi er mikilvægt að fjalla um þær formlegu viðræður sem nú fara fram milli SSH (Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) og ríkisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Markmið viðræðnanna er að móta sameiginlega sýn um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópnum er ætlað að leggja fram beinar tillögur um fjármögnun einstakra framkvæmda og verkefna ásamt verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Vart þarf að benda á mikilvægi þessa verkefnis en vegna mikillar uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu í nútíð og framtíð er mikilvægt að uppbygging Borgarlínu, efling stofnvega og hjólreiðastíga nái fram að ganga. Markmiðið með framkvæmdunum er að greiða fyrir umferð og lágmarka tafir. Einnig er það markmið að með greiðari almenningssamgöngum (Borgarlínu) og fjölgun hjólreiðastíga muni það leiða til jákvæðra áhrifa á val borgarbúa á ferðamáta. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu leiða af sér minnkandi mengun af völdum umferðar og því mikilvægt framlag til þeirra aðgerða sem ríkið hefur mótað



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

m.a. í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Þá eru ónefndir þeir þættir sem framkvæmdirnar muna hafa áhrif á til bætt öryggis í umferðinni ásamt þeim þjóðhagslega ábata sem verður af minni, öruggari og skilvirkari umferð fólks á höfuðborgarsvæðinu. Af framangreindu má því sjá að mikilvægt er að fjármálaætlun ríkisins endurspegli þessi áform í formi beinna fjárframlag til uppbyggingar öflugri samgagna á höfuðborgarsvæðinu.

Að öðru leyti tekur stjórn SSH undir efni umsagnar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 3.mái 2019.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH